



49. sambandsþing Ungmennafélags Íslands
haldið á Icelandair Hótel Vík í Vík í Mýrdal 17. og 18. október 2015.

Dagskrá:

Laugardagur 17. október

Kl. 07:00 – 09:00	Morgunverður
Kl. 10:00	Þingsetning
Kl. 10:20	Kosnir starfsmenn þingsins
Kl. 10:30	Ávörp gesta
Kl. 10:50	Skýrsla stjórnar <i>Framkvæmdastjóri</i> <i>Gjaldkeri</i>
Kl. 11:10	Kjörbréfanefnd skilar álit
Kl. 11:25 – 11:45	Umræður um skýrslu stjórnar
Kl. 12:00 – 12:45	Hádegisverður
Kl. 13:00	Umræður um/og afgreiðsla skýrslu stjórnar
Kl. 14:00	Mál lögð fyrir þingið <i>Frá stjórn</i> <i>Frá nefndum</i> <i>Frá þingfulltrúum</i>
Kl. 15:15	Kaffihlé
Kl. 15:30 – 18:00	Nefndastörf
Kl. 19:00	Kvöldverður

Sunnudagur 18. október

Kl. 07:00 – 08:45	Morgunverður
Kl. 09:00	Nefndir skila álit <i>Umræður – afgreiðsla</i>
Kl. 11:00 – 11:45	Kosning formanns
Kl. 12:00 – 12:45	Hádegisverður
Kl. 13:00	Kosningar <i>6 menn í stjórn</i> <i>4 varamenn</i> <i>2 skoðanamenn reikninga og 2 til vara</i>
Kl. 15:00	Nefndir skila álit - framhald
Kl. 15:30	Kaffihlé
Kl. 16:00	Önnur mál
Kl. 17:00	Þingslit

ÞINGSETNING

Sambandþing Ungmennafélags Íslands hófst með því að Einar Freyr Elínarson söng *Ísland er land þitt* við undirleik Kára Gestssonar.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands, bauð gesti velkomna á 49. sambandþing UMFÍ og þakkaði tónlistarmönnum fyrir flutninginn. Hún bauð Þorsteini M. Kristinssyni formanni USVS að kynna samband sitt.

Helga minntist látinn ungmennafélaga, þeirra Hafsteins Þorvaldssonar, fyrrverandi formanns UMFÍ, Gunnars Sveinssonar, Keflavík, Hermanns Nielssonar, UÍA/HSV og Jóhanns Ólafssonar, UMSE.

Helga flutti þinginu kveðju frá Hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra og Þóri Jónssyni og Birni Bjarndal Jónssyni, fyrrverandi formönnum UMFÍ.

Helga Guðrún fór víða í ávarpi sínu. Hún kom m.a. inn á að ungmennafélagshreyfingin ynni enn þann dag í dag í anda þeirra markmiða sem hreyfingin setti sér í upphafi og kristallast í yfirmarkmiðinu „Ræktun lýðs og lands“ og þannig væri hreyfingin síung. Hún talaði einnig um að þó að hreyfingin væri trú grunnstefinu þá mætti hún aldrei falla í þá gryfju að halda að engra breytinga væri þörf. Ávallt þyrfti að vera vakandi fyrir því hvaða möguleikar væru í sjónmáli, hvaða tækifæri hreyfingin gæti nýtt sér til hagsbóta án þess þó að bregðast grunnstefinu. Hún kom inn á stefnumótunarvinnu UMFÍ sem yrði kynnt þinggestum síðar um daginn en þar væri aðal áhersla lögð á að skerpa hlutverk og framtíðarsýn hreyfingarinnar.

Með því að standa þannig að verki – að horfa til framtíðar með hliðsjón af fortíðinni en með hagsmuni framtíðarinnar að leiðarljósi – myndi hreyfingin áfram starfa á sínum góðu og sterku en síungu markmiðum. Sameiginlega myndum við leggja okkar af mörkum við uppbygginguna sem ein heild fyrir alla.

Helga Guðrún tilkynnti í lok ræðu sinnar að hún gæfi ekki kost á sér áfram sem formaður UMFÍ. Þakkaði hún öllum fyrir samstarfið og samskiptin þau 18 ár sem hún hefði setið í stjórn UMFÍ, þar af í sex ár sem varaformaður og 8 ár sem formaður. Sagðist hún vera stolt af því hvernig hún skilaði af sér formannsstarfinu, verkefnastaðan væri góð, fjárhagur góður og andinn í hreyfingunni góður.

KOSNIR STARFSMENN ÞINGSINS

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um þingforseta og varaþingforseta:

Þingforseti: Guðmundur Guðmundsson

Varaþingforseti: Sveinn Þorsteinsson

Tillagan var samþykkt.

Þingforsetar tóku til starfa.

Guðmundur lagði fram tillögu um skipan þingritara.

Þingritarar:

Örn Guðnason

Anna R. Möller

Birgir Örn Sigurðsson

Ragnheiður Sigurðardóttir

Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Tillagan var samþykkt.

Þingforseti lagði fram tillögu að kjörbréfanefnd:

Kjörbréfanefnd:

Einar Haraldsson, Keflavík
Hildur Bergsdóttir, UÍA
Aðalbjörg Valdimarsdóttir, USAH

Tillagan var samþykkt.

Þingforseti gaf Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur, formanni UMFÍ, orðið. Helga sæmndi Sæmund Runólfsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ, gullmerki Ungmennafélags Íslands fyrir störf hans fyrir hreyfinguna, en stjórn UMFÍ hafði falið henni það verkefni.

Þingforseti lagði til að niðurstaða kjörbréfanefndar yrði kynnt að loknu hádegishléi og var það samþykkt.

ÁVÖRP GESTA

Líney Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, bar þinginu kveðjur framkvæmdastjórnar og starfsfólks ÍSÍ og bar sérstakar kveðjur til Helgu Guðrúnar fráfarandi formanns UMFÍ frá Lárusi Blöndal, forseta ÍSÍ, sem óskaði henni velfarnaðar. Líney fór yfir störf ÍSÍ á árinu en þar bar hæst kjör Lárusar Blöndal sem forseta ÍSÍ ásamt Smáþjóðaleikum en framkvæmd þeirra tókst með eindæmum vel. Líney þakkaði UMFÍ fyrir velunnin störf í þágu lýðheilsu í landinu og fyrir gott samstarf almennt. Líney sæmndi síðan Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur gullmerki Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Elín Einarsdóttir, oddviti Mýrdalshrepps, sagði heiður af því að vera boðið á þing UMFÍ og bar kveðju Ásgeirs Magnússonar sveitarstjóra. Hún óskaði þinginu velfarnaðar í störfum sínum í Vík í Mýrdal.

Sæmundur Runólfsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri UMFÍ, sagði einkennilegt að standa í ræðustól á þingi UMFÍ sem gestur. Hann sagði það forréttindi að hafa fengið að vinna fyrir hreyfinguna og sagðist ekki telja sig sem gest heldur væri hann og verði ungmennafélagi alla tíð. Sæmundur þakkaði þann heiður sem honum var sýndur með því að veita honum gullmerki UMFÍ.

Þingforseti þakkaði gestum þeirra ávörp.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Auður Inga Þorsteindóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, flutti skýrslu stjórnar. Hún sagði m.a. að fjölgun félaga meðal sambandsaðila væri um 7% frá síðasta þingi. Í máli hennar kom einnig fram að fjölmennasti hópur þátttakenda á Unglingalandsmót UMFÍ væru 15 ára drengir. Um leið og það væri gleðiefni væri áhyggjuefni að þátttaka stúlkna væri mun lægri í öllum aldurshópum. Rakti Auður síðan þátttöku í Landsmótum ársins en mjög góð þátttaka var á Unglingalandsmótinu á Akureyri. Þátttakendum á Landsmóti UMFÍ 50+ væri einnig að fjölga nú síðustu árin. Auður kom inn á rekstur Evrópu unga fólksins sem UMFÍ annast. Sagði hún slæmt að á árinu 2014 hafi þurft að skila rúmum 29 miljónum til baka til Evrópusambandsins þar sem ekki tókst að nýta styrkféð. Hún hvatti sambandsaðila til þess að nýta sér möguleikana sem fælust í EUF. Auður sagði einnig frá Hreyfivíkunni – MoveWeek – sem hefði heppnast mjög vel. Um 40.000 manns frá 55 bæjarfélögum hefðu tekið þátt í ár sem væri mikil fjölgun frá fyrra ári. Auður minnti á mikilvægi Getspár og Getrauna og sagði að þar

væru allir í sama liði og það væri aldrei of oft brýnt fyrir fólki að taka þátt.

Þingforseti tilkynnti síðan að kynning á frambjóðendum til stjórar yrði að loknu kaffihléi kl. 15.30.

Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir ársreikninga UMFÍ. Greindi hún frá breytingum á uppsetningu ársreikningsins þar sem nú væru fleiri rekstrarliðir sameinaðir. Helga fór yfir helstu tölur ársreikningsins en rekstaraafgangur ársins er yfir 50 milljón kr. Rakti hún síðan skiptingu einstakra gjaldaliða.

UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR

Helgi Haraldsson, HSK, þakkaði stjórn skýrslu og gjaldkera fyrir reikninga. Hann spurði af hverju töf hafi orðið á greiðslum á eftirstöðvum vegna sölu Þrastarlundar.

Þórir Haraldsson, HSK, sagði breytingar hafi orðið á inngöngu félaga í ungmennafélagshreyfinguna frá því að hann þurfti sjálfur að skrifa undir umsókn um inngöngu á aðalfundi ungmennafélagsins í sinni heimabyggð. Nú væru börn og foreldrar skráðir inn í félögin þegar börnin eru skráð í ungarnastarf í félögum sínum. Þórir þakkaði stjórn UMFÍ fyrir skýrslu þar sem komi fram upplýsingar um mikið starf en um leið miklar áskoranir. Þakkaði hann Sæmundi Runólfssyni fyrir hans störf og bauð Auði Ingu velkomna til starfa. Sagði hann að framlögð skýrsla sýni að breytingar séu í farvatninu með komu nýs framkvæmdastjóra til starfa. Sagði hann að HSK hafi sent inn athugasemdir um það sem þeim fyndist vera að í framkvæmd Unglingalandsmóts og landsmóta yfirleitt. Hann sagði að þegar sambandsaðilar hafi ekki áhuga á að sækja Landsmót UMFÍ eins og var á síðast mótinu á Selfossi 2013 þurfi hreyfingin að segja hvað hún vilji í sambandi við framkvæmd Landsmótsins. Þórir sagði að íþróttahreyfingin þurfi að taka sé tak í eineltismálum. Einelti sé að verða viðurkennt innan hreyfingarinnar en svo megi aldrei verða. Sagði hann það vera tímaspursmál hvenær upp komi stórt og leiðinlegt kynferðismál innan íþróttahreyfingarinnar. Það væri veruleg áskorun að vinna vel að þessum málum. Sagði Þórir ekki vera nægilega ljóst í uppsetningu reikninga hvernig einstök verkefni koma út í rekstri. Vakti einnig athygli á að launakostnaður UMFÍ væri 42% af rekstri. Hann spurði hvert væri hlutverk landsfulltrúa UMFÍ og hvar sambandsaðilar gætu fengið aðstoð við að sækja um styrki hjá EUF. Óskaði hann síðan þinginu velfarnaðar.

Valdimar Leó Friðriksson, UMSK, skilaði þakklæti frá stjórn UMSK til Helgu, fráfarandi formanns, og Sæmundar Runólfssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ. Lagði hann áherslu á að skoða þurfi í hve margar greinar einstaklingar gætu verið skráðir á Unglingalandsmóti. Á síðustu mótum hafi komið fyrir að fella hafi þurft niður leiki þar sem þátttakendur voru við keppni í öðrum greinum. Hrósaði hann Héraðssambandinu Hrafna-Flóka fyrir að taka upp á því að halda Unglingalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina. Einnig sagði hann ánægjulegt að rekstrarafkoma UMFÍ hefði batnað. Varðandi upplýsingar í reikningum, um skil á fjármagni EUF, vildi hann vita hvernig hægt væri að vinna að umsóknum um verkefni.

Engilbert Olgeirsson, HSK, sagði að færri hefðu komist að en vildu sem fulltrúar HSK á sambandsþing UMFÍ. Þakkaði hann Helgu og Sæmundi fyrir þeirra störf í þágu hreyfingarinnar. Sagði hann fagnaðarefni að langtímaskuldir hafi lækkað á milli ára. Taldi hann að heildartekjur og gjöld Landsmóta eigi ekki að vera í ársreikningum UMFÍ heldur einungis beinn kostnaður UMFÍ vegna mótanna.

Garðar Svansson, HSH, þakkaði Helgu gott samstarf innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Hvatti hann til aukinna samskipta UMFÍ og ÍSÍ og hvatti stjórnir sambandanna til að auka samstarf sín á milli. Sagði ánægjulegt að sjá hvað margir ungmennafélagar hafi tekið þátt í störfum við Smáþjóðaleikana. Sagði að við værum ein heild og að þeir sem mæta á þing UMFÍ væru líka innan ÍSÍ. Óskaði svo eftir upplýsingum um hver yrði framvindan verðandi Felix.

Hádegisverður - Þinghlé til kl. 12:45

Helga Guðrún Guðjónsdóttir hóf þingstörf eftir þinghlé með því að veita Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau fékk samstarfsverkefnið SamVest fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótt- og ungmennafélagsstarf. Verðlaunin hlutu þeir sjö sambandsaðilar sem að verkefninu standa en þeir eru: HSH, HSS, HHF, USK, UMFK, UMSB og UDN.

Þingforseti gerði síðan breytingu á áður kynntri dagskrá og sagði að kynningar til framboðs til stjórnar yrðu að loknum umræðum um skýrslu stjórnar. Að lokinni kynningu frambjóðenda yrði síðan kynning á stefnumótunarvinnu UMFÍ.

KJÖRBRÉFANEFND SKILAÐI ÁLITI

Einar Haraldsson, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf bárust frá 26 sambandsaðilum af 29 með 110 þingfulltrúa. Ekki voru mættir fulltrúar frá Grindavík. Kjörbréfanefnd leggur til að fyrirbyggjandi kjörbréf verði samþykkt. Álit kjörbréfanefndar var síðan samþykkt. Áður en nefndarstörf hófust var fulltrúi Grindavíkur komin til þings.

Þingforseti gat um val á matmanni UMFÍ sem fram færi á meðan þingið stæði og hvatti valnefnd til starfa.

UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA Á SKÝRSLU STJÓRNAR - framhald

Margrét Björnsdóttir, UMSK, þakkaði fyrir glæsilega og metnaðarfulla skýrslu. Hún kom inn á umhverfismál UMFÍ sem ekki koma fram í skýrslu UMFÍ. Sagði að umhverfisnefndin hefði unnið umhverfisstefnu UMFÍ sem lögð er fram á þinginu. Sagði einnig frá því að nefndin hefði hafið vinnu við að safna saman upplýsingum um skógarreiti ungmennafélaganna og að nefndin muni vinna áfram að því máli. Margrét greindi einnig ítarlega frá öðrum störfum nefndarinnar.

Hildur Bergsdóttir, UÍA, hvatti þingfulltrúa til að nýta sér styrki sem Evrópa unga fólksins veitir. Hún kallaði síðan upp þau Vigdísí Diljá Óskarsdóttur, Rebekku Karlsdóttur og Þóri Stein Valgeirsson, UÍA, sem sögðu frá reynslu sinni af ferð til Ungverjalands sem farin var með styrk frá EUF.

Einar Kristján Jónsson, Umf. Vesturhlíð, hrósaði skýrslu UMFÍ og sagði að Þrastarskógur og Þrastarlundur væru félögum í Umf. Vesturhlíð hugleikin. Spurði hvenær eftirstöðvar af greiðslum vegna sölu á Þrastarlundi væru væntanlegar. Einnig hver væru áform um starf í og með Þrastalund.

Jón Karl Ólafsson, UMFF, þakkaði fráfarandi formanni og stjórnarmönnum fyrir gott samstarf og óskaði Auði Ingu velgengni í starfi. Taldi hann nauðsynlegt að gleyma ekki að vinnan í afreksstarfi væri mikilvæg og afreksmenn væru fyrirmyndir yngri iðkenda. Varðandi umræðu um fjármál vildi hann vara við að farið yrði of hratt í uppgreiðslu lána. Lagði hann í framhaldi fram spurningu um uppgreiðslu lána og hver væri ástæða fyrir upphæð fjármagnskostnaðar.

Gissur Jónsson, HSK, þakkaði góða skýrslu og Helgu og Sæmundi fyrir þeirra störf. Hann sagðist vita að UMFÍ væri í góðum höndum með Auði Ingu sem framkvæmdastjóra. Hann sagði að HSK hefði haldið þjálfararáðstefnu í samstarfi við bæjaryfirvöld á Selfossi þar sem farið var yfir vandamál sem þjálfarar gætu staðið frammi fyrir. Hann sagði oft erfitt fyrir þjálfara að bregðast við upplýsingum sem þeir fái um barnaverndarmál og nauðsynlegt sé að til séu leiðbeiningar fyrir þjálfara. Ræddi um Felix og sagði að þar hafi verið gert ráð fyrir að hægt væri að innheimta félagsgjöld, en möguleikinn hefði ekki verið nýttur og hvatti til að

við endurvinnslu á Felix yrði þetta gert að veruleika.

Þorsteinn Þorbergsson, UMSK, bað um sundurliðun á öðrum tekjum og að gott væri fyrir þingheim að vita hver væri kostnaður við Felix á ársgrundvelli. Spurði til hvers lánin upp á 86 milljónir hefðu verið tekin. Spurði einnig hver væri skýring á kröfum í tengslum við Fræðslu- og verkefnissjóð. Spurði einnig af hverju ekkert hafi verið veitt úr Umhverfissjóði í ár og hver væri skýring á ósöttum styrkjum úr Umhverfissjóði.

Valdimar Leó Friðriksson, matmaður UMFÍ 2013, útskýrði reglur um úthlutun á nafnbótinni „Matmaður UMFÍ“.

Jón Karl Ólafsson, UMFF, sagði það vera rangt að lögfræðinnheimta væri krafa í Nóra kerfinu eins og komið hafi fram. Svo væri alls ekki.

Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri UMFÍ, sagðist svara þeim spurningum sem hún gæti en svör við öðrum yrðu send eftir þingið. Taldi hún upp hvað væri innifalið í öðrum tekjum í ársreikningi. Lánin sem spurt var um voru tekin vegna kaupa á húsnæði í Sigtúni 42 í Reykjavík.

Auður Inga, framkvæmdastjóri UMFÍ, svaraði spurningum varðandi Þrastarlund og sagði að þau mál væru væntanlega að fara að leysast. Hún benti á námsefnið „Verndum þau“ þar sem fjallað væri um viðbrögð við eineltis- og kynferðismálum og sagði frá fyrirhuguðum námskeiðum og bauð fleiri ef áhugi væri fyrir hendi.

Anna R. Möller, framkvæmdastjóri Evrópu unga fólksins, svaraði spurningum um möguleika sambandsaðila til að sækja um styrki til EUF og benti m.a. á að ferð sambandsaðila til Danmerkur síðastliðið vor hefði verið verkefni sem styrkt var af EUF.

Síðan bar þingforseti reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða

Kynning frambjóðenda til formanns og stjórnarkjörs UMFÍ

Hver frambjóðandi fékk 1 mínútu til að kynna sig.

Framboð til formanns UMFÍ

Haukur Valtýsson, UFA

Kristinn Óskar Grétuson, HSK

Framboð til stjórnar UMFÍ:

Björg Jakobsdóttir, UMSK

Björn Grétar Baldursson, HSP

Gunnar Gunnarsson, UÍA

Helga Jóhannesdóttir, UMSK

Hrönn Jónsdóttir, UMSB

Jóhanna Kristjánsdóttir, HSP (Fjarverandi en Aníta Karin Guttesen kynnti framboð hennar).

Ragnheiður Högnadóttir, USVS

Örn Guðnason, HSK

Framboð til varastjórnar UMFÍ:

Björn Grétar Baldursson, HSP

Guðmundur Sigurbergsson, UMSK

Kristinn Óskar Grétuson, HSK

Ragnheiður Högnadóttir, USVS

Sigurður Óskar Jónsson, USÚ
Þorgeir Örn Tryggvason, UMFF

Kynning á stefnumótunarvinnu UMFÍ

Hákon Gunnarson, hjá Gekon, kynnti stefnumótunarvinnu UMFÍ. Síðan fór fram skoðunarkönnun meðal þingfulltrúa þar sem lagðar voru fram spurningar varðandi ýmsa þætti stefnumótunar. Svörin voru unnin rafrænt og birtust jafnóðum eftir að þingfulltrúar höfðu svarað þeim í sínum sínum og fartölvum sem er algjör nýjung á þingi UMFÍ. Áhugavert var að fylgjast með niðurstöðunum en þær verða teknar inn í áframhaldandi störf við stefnumótunina.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, fór síðan yfir atriði sem stefnumótunarvinnan getur skilað til framtíðar og um leið þakkaði hún fyrir sig og það sem hún hafi fengið út úr starfi sem stjórnarmaður, varaformaður og formaður UMFÍ síðustu 18 ár.

MÁL LÖGÐ FYRIR ÞINGIÐ

Tillögur frá stjórn UMFÍ:

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2016

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015

– Heildaryfirlit um rekstur 2016.

Áætlun

	Aðalsjóður	Laugar	Evrópu- skrifstofa	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis- Sjóður	Samtals
Rekstrartekjur:						
Ríkisframlag	99.800.000	17.800.000	12.800.000			130.400.000
Lottó og getraunir	141.500.000			10.500.000		152.000.000
Aðrar tekjur	51.900.000	68.000.000	27.200.000		600.000	147.700.000
	293.200.000	85.800.000	40.000.000	10.500.000	600.000	430.100.000
Rekstrargjöld:						
Laun og launatengd gjöld	60.124.597	48.026.634	27.076.602			135.227.833
Annar rekstrarkostnaður	102.431.600	35.800.000	12.846.000			151.077.600
Lottó til sambandsaðila	118.500.000					118.500.000
Veittir styrkir				10.500.000		10.500.000
Afskriftir	3.300.000					3.300.000
	284.356.197	83.826.634	39.922.602	10.500.000	0	418.605.433
Afkoma fyrir fjármagnsliði	8.843.803	1.973.366	77.398	0	600.000	11.494.567
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur	200.000			600.000	300.000	1.100.000
Hagnaðarhlutdeild Í.G.	20.000.000					20.000.000
Greiddir vextir og verðbætur	(4.332.500)	(38.210)	(77.398)			(4.448.108)
Áfallnar verðbætur	(2.599.500)					(2.599.500)
	13.268.000	(38.210)	(77.398)	600.000	300.000	14.052.393
Rekstrarniðurstaða:	22.111.803	1.935.156	0	600.000	900.000	25.546.959

Vísað til fjárhagsnefndar

Þingskjal nr. 2

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að færa Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og ráðherra íþróttá- og menntamála þakkir fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 3

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að færa Alþingi, fjárlaganefnd og ráðherra íþróttá- og menntamála þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga menningar-, umhverfis- og íþróttastarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 4

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, þakkar sveitarstjórn Blönduósbæjar góða aðstöðu og móttökur, USAH fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 5. Landsmóti UMFÍ 50+, svo og sjálfboðaliðum fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 5

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, þakkar bæjarstjórn Akureyrar góða aðstöðu og móttökur, UFA fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 18. Unglingalandsmóti UMFÍ, svo og sjálfboðaliðum fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 6

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 19. Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi 2016.

Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar

Þingskjal nr. 7

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 6. Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði 2016.

Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar

Þingskjal nr. 8

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að standa vörð um þá mikilvægu tekjustofna sem koma frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum og nýta betur þau tækifæri sem felast í þeim.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 9

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að þátttökugjald á 19. Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi 2016 verði 8.000 kr. á þátttakanda.

Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar

Þingskjal nr. 10

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að hafa landsmótsnefnd starfandi á ársgrundvelli sem stuðlar að öflugri þátttöku á landsmótum UMFÍ.

Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar

Þingskjal nr. 11

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn að leita allra leiða til að sporna við notkun vímuefna eins og tóbaks, áfengis og fíkniefna, auk annarra efna eins og ólöglegra fæðubótaefna og stera.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 12

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur Alþingi til að styðja sambands- og aðildarfélög UMFÍ með myndarlegum fjárframlögum til eflingar á því mikilvæga starfi sem þau standa fyrir um land allt.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 13

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum EUF (Evrópu unga fólksins) til að efla félagsstarfið hver á sínu svæði.

Vísað til fræðslunefndar

Þingskjal nr. 14

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, felur stjórn að leita leiða til að efla lýðheilsu landsmanna í samstarfi við sambandsaðila UMFÍ, stjórnvöld og fleiri tengda aðila.

Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar

Þingskjal nr. 15

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, þakkar Æskulýðsvettvanginum fyrir vel unnin störf og hvetur til áframhaldandi góðra verka og hvetur sambandsaðila til að kynna sér vettvanginn betur og á hvaða grundvelli hann starfar.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 16

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að framlag í Umhverfissjóð Pálma Gíslasonar verði 30 kr. á hvern félagsmann.

Vísað til fjárhagsnefndar

Þingskjal nr. 17

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að hefja vinnu við inntöku íþróttabandalaga í Ungmennafélag Íslands. Stjórn UMFÍ er falið að undirbúa inntöku íþróttabandalaganna með því að skipa nefnd sem endurskoðar lög UMFÍ, lottóreglugerð og aðra þætti sem taka þarf tillit til. Gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um inntöku íþróttabandalaganna verði á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017.

Greinargerð:

Samþykkt frá 48. Sambandsþingi UMFÍ fól stjórn UMFÍ að skipa vinnuhóp til að taka efnislega afstöðu til umsóknar íþróttabandalaga í UMFÍ. Vinnuhópurinn lagði fram ofangreinda tillögu til stjórnar UMFÍ. Vinnuhópurinn lagði áherslu á að tillagan yrði skoðuð og rædd á efnislegum forsendum og atkvæði greidd í samræmi við það. Í allri vinnu hópsins komu fram nokkur atriði sem standa í vegi fyrir því að taka inn íþróttabandalög strax á þessu 49. sambandsþingi.

Í fyrsta lagi hindra lög UMFÍ inntöku á forsendum þess að í heiti sambandsaðila skuli koma fram héraðssamband, ungmennasamband eða ungmennafélag sbr. 4. grein og eru heiti íþróttabandalaga því ekki í samræmi við það.

Í öðru lagi óttast sambandsaðilar UMFÍ að lottófé þeirra muni skerðast verulega við inntöku íþróttabandalaga, sem er rétt. Því er nauðsyn að endurskoða skiptingu lottófjár frá Íslenskri Getspá og ná sátt um hana. Þó er rétt að benda hér á það ákvæði í lottóreglum UMFÍ, að nýir sambandsaðilar fá ekki úthlutað lottópeningum fyrr en 38 mánuðum eftir inntöku í UMFÍ.

Í þriðja lagi hafa sambandsaðilar UMFÍ óttast að missa völd og áhrif innan hreyfingarinnar ef svo stórir hópar bætast við í samtökin. Það er því þörf á að ræða um breytingar á fulltrúafjölda frá hverjum sambandsaðila og ákveða hóflegan fjölda fulltrúa á sambandsþingi. Til þess þarf að gera breytingar á 9. grein laganna sem fjalla um fjölda skattskyldra félaga að baki fulltrúa til þings.

Í störfum vinnuhópsins kom fram sú skoðun, að kostur væri að kynnast starfi íþróttabandalaganna og að þau kynntust störfum okkar hreyfingar áður en þau yrðu samþykkt sem nýir sambandsaðilar. Mælt er með tveggja ára aðlögunarferli. Í 5. grein laga UMFÍ stendur að sambandsþing úrskurði um inntöku nýrra sambandsaðila og því greidd atkvæði einu sinni. Því er tillaga vinnuhópsins orðuð þannig að 49. sambandsþing „samþykkir að hefja vinnu við inntöku íþróttabandalaga“. Þetta er í samræmi við þá skoðun vinnuhópsins að gefa tíma í tvö ár til að kynnast störfum og viðhorfum íþróttabandalaganna og þau störfum og viðhorfum UMFÍ. Að tveimur árum liðnum er hreyfing okkar betur undirbúin til að ákveða um inntöku íþróttabandalaga.

Í samþykkt 48. sambandsþings var vinnuhópnum falið að taka efnislega afstöðu varðandi skipulag íþróttahreyfingarinnar, skiptingu fjármuna innan hennar auk breytinga á lögum. Eftir vandlega athugun taldi hópurinn það vera bestu leiðina til að núverandi sambandsaðilar UMFÍ gætu tekið upplýsta ákvörðun um inntöku íþróttabandalaganna að gefa aðilum tvö ár til að kynnast störfum og viðhorfum hvers annars. Á þeim tíma þarf að vinna að breytingum á lögum UMFÍ og ef þarf lögum íþróttabandalaga, vinna að yfirferð á breytingum á skiptingu lottópeninga, yfirfara valdahlutföll og þar með fjölda þingfulltrúa og stærð sambandsþings.

Vísað til laganefndar

Þingskjal nr. 18

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur stjórn til að hefja umhverfisverkefni á vegum UMFÍ sem stuðlar að fegrun landsins og góðri umgengni.

Vísað til fræðslu- og umhverfisnefndar

Þingskjal nr. 19

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að íþróttabandalög fái tækifæri til að kynnast starfsemi UMFÍ og okkar hreyfing þeirra starfsemi með því að þau eigi fulltrúa í nefndum og vinnuhópum á vegum UMFÍ á kjörtímabilinu 2015–2017. Stjórn UMFÍ er falið að útfæra tillöguna nánar með tilliti til hvaða nefnda eða vinnuhópa fulltrúar þeirra fá sæti í.

Vísað til laganefndar

Þingskjal nr. 20

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að landsmótsnefnd fyrir 28. Landsmót UMFÍ, sem haldið verður árið 2017, fái heimild til þess að víkja frá reglugerð um Landsmót UMFÍ að fengnu samþykki stjórnar UMFÍ.

Greinargerð:

Töluverð umræða hefur verið innan hreyfingarinnar um að breyta þurfi Landsmótum UMFÍ. Haldnir hafa verið fundir um allt land þar sem málefnið hefur verið rætt. Sameiginleg niðurstaða hefur ekki náðst um framtíð mótsins. Í stefnumótunavinnu sem er í vinnslu þá er málið til umfjöllunar og stefnt að því að mótahaldið verði í framtíðinni með verulegum breytingum.

Vísað til landsmóts- og íþróttanefndar

Þingskjal nr. 21

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir viðbót við 11. grein laga UMFÍ

Er:

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Verður:

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá boðið sig fram til varastjórnar.

Vísað til laganefndar

Þingskjal nr. 22

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 9. grein laga UMFÍ.

Er:

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga sem hér segir:

Verður:

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda félagsmanna skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skila skal í síðasta lagi 15. apríl ár hvert. Ef ekki er send inn skýrsla varðandi fjölda félagsmanna þá missir sambandsaðili rétt til þingsetu.

Vísað til laganefndar

Þingskjal nr. 23

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 13. grein laga UMFÍ.

Er:
Sambandsþing UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót UMFÍ og Unglingalandsmót UMFÍ skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Verður:
Sambandsþing UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Vísað til laganefndar

Þingskjal nr. 24

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 11. grein laga UMFÍ.

Er:
Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verða að vera tilgreind á honum nöfn sex manna sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verða að vera tilgreind á honum nöfn fjögurra manna sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn. Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings. Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Verður:
Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verða að vera tilgreind á honum nöfn a.m.k. sex manna sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verða að vera tilgreind á honum nöfn a.m.k fjögurra manna sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn. Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings. Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Vísað til laganefndar

Þingskjal nr. 25

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 10. grein laga UMFÍ.

Er:
Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar. Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera: Ræða skýrslur næstliðins árs. Afgreiða reikninga liðins árs. Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta sambandsþing til afgreiðslu. Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs. Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Verður:

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar. Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera: Ræða skýrslur næstliðins árs. Afgreiða reikninga liðins árs. Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs. Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Vísað til laganefndar

Tillögur frá UMSK

Þingskjal nr. 26

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á VI. grein reglugerðar um Lottó. Breytingin verði sú að í næstsíðustu setningu verði „skv. Felix“ bætt inn í reglugerðina og í síðustu setningu breytist 30% í 40%.

Grein VI.

Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir skv. Felix á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% 40% af lottóúthlutuninni“.

Greinargerð:

Þegar ákvæðið um 30% þak á Lottógreiðslum til héraðssambanda var sett á var ekki gert ráð fyrir að þessu þaki yrði náð. Reyndin er hins vegar önnur og hafa ungmennafélögin vaxið hraðar en menn sáu fyrir. Teljum við því réttlætjanlegt með tilliti til jafnræðis að þakinu verði lyft í 40%.

Við inngöngu nýrra aðildarféлага í héraðssambandið, lækka Lottótekjur þeirra sem fyrir eru og því er þakið farið að vinna gegn því að tekin verði inn ný félög í sambandið. Með því er reglugerðin farin að standa í vegi fyrir fjölgun ungmennaféлага og dregur úr fjölbreytni starfsins.

Vísað til fjárhagsnefndar

Þingskjal nr. 27

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að kanna hvernig fjárstuðningi sveitarféлага við héraðssambönd er háttað. Verkinu skal lokið og niðurstöður kynntar á Sambandsráðsfundi UMFÍ 2016.

Greinargerð:

Nauðsynlegt er að geta miðlað þessum upplýsingum milli sambandsaðila í þeim tilgangi að hámarka stuðning frá sveitarfélögum.

Vísað til fjárhagsnefndar

Þingskjal nr. 28

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að formenn nefnda, framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri hittist að lágmarki tvisvar sinnum á ári til að fara yfir verkefni

nefndanna.

Greinargerð:

Hugmyndin að baki þessarar tillögu er að þetta starfið betur. Eins og staðan er í dag getur vantað upp á samráð á milli nefnda og stjórnar. Með því að þessi hópur hittist reglulega verður auðveldara að vera í sambandi vegna ýmissa mála sem upp kunna að koma í nefndum, einnig er mun auðveldara fyrir alla aðila að vinna að málefnum UMFÍ ef menn þekkja hvern annan.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 29

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að stjórnarmenn UMFÍ sitji ekki sem formenn í nefndum heldur sem tengiliðir milli nefnda og stjórnar.

Greinargerð:

Hugmyndin er útvíkkun valds og valddreifing. Fleiri komi að starfinu og það eflist.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 30

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að stjórn UMFÍ endurskoði fjölda nefnda og verkaskiptingu milli þeirra.

Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 31

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að kosnir verði varamenn fyrir nefndir.

Ef nefnd telur fimm fulltrúa eða fleiri þá verði kosnir þrjár varamenn og ef nefnd telur þrjú fulltrúa verði kosinn einn varamaður. Varamenn verði boðaðir á nefndarfundi og fái send gögn, hafi málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema í forföllum aðalmanns.

Vísað til allsherjarnefndar

Tillaga frá stjórn UMFÍ

Þingskjal nr. 32

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 4. grein í reglugerð Umhverfissjóðs.

Er:

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ.

Verður:

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ, tveimur fulltrúum frá UMFÍ og einum frá Umhverfisnefnd.

Vísað til fræðslu- og umhverfisnefndar

Tillaga frá stjórn UMFÍ

Þingskjal nr. 33

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir umhverfisstefnu UMFÍ.

Umhverfisstefna UMFÍ

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) hefur að einkunnarorðum: Ræktun lýðs og lands. Félagið hefur það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum á Íslandi. UMFÍ hefur skilning á þeim áhrifum sem mannfólkið hefur á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemi þess kann að hafa sem og að ná betri árangri á sviði umhverfisverndar í allri starfsemi félagsins. Félagið skal enn fremur stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið með landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd. UMFÍ leggur áherslu á að efla almenna umhverfisvakningu meðal félagsmanna sinna.

Almenn markmið sambandsaðila UMFÍ

Allt starf sambandsaðila UMFÍ ætti að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið og draga úr neikvæðum áhrifum sem mannleg umsvif kunna að hafa á það.

Leiðir að markmiði:

- Hvetja félagsmenn til að samnýta bíla í ferðum á íþróttæfingar og aðra viðburði.
- Stuðla að því að setja upp sorpflokkun þar sem starfsemi félaganna fer fram.
- Hvetja til umhverfissparandi aðgerða í rekstri á skrifstofum, svo sem með því að spara pappír, slökkva ljós og á öðrum raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.
- Að sambandsaðilar UMFÍ leggi sig fram við að auka umhverfisvitund félagsmanna sinna, meðal annars með aukinni útivist og tómstundaiðkun í náttúrulegu umhverfi.

Viðburðir á vegum UMFÍ

Við skipulag á viðburðum á vegum félagsins skal tekið mið af umhverfissjónarmiðum UMFÍ.

Leiðir að markmiði:

- Á viðburðum á vegum félagsins skal allur úrgangur flokkaður eftir því flokkunarkerfi sem er í viðkomandi sveitarfélagi.
- Almenn umhverfissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi við innkaup á vörum í tengslum við alla viðburði.
- Á viðburðum á vegum UMFÍ skal lagt upp með að efla umhverfisvitund þátttakenda.
- Stefnt skal að því að draga úr notkun pappírs á þingum með rafrænu aðgengi að gögnum.
- Virða ber þörmörk umhverfis við skipulagningu viðburða og grípa til aðgerða ef þörf krefur svo sem með umferðarstýringu, jafnt fyrir gangandi sem og akandi vegfarendur.

Skrifstofur UMFÍ og almenn starfsemi

Í skrifstofuhaldi og almennri starfsemi UMFÍ skal leitast við að nota þær fjölmörgu leiðir sem þekktar eru til að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemin kann að hafa á umhverfið.

Leiðir að markmiði:

- Við öll innkaup skal taka tillit til umhverfissjónarmiða. Leitast skal við að velja vörur með viðurkenndum umhverfismerkingum og takmarka notkun á einnota varningi.
- Ræstivörur skulu hafa viðurkennda umhverfismerkingu og fara skal sparlega með efni við þvott og ræstingar.
- Pappírnotkun skal vera í lágmarki, prenta báðum megin á blöð þegar það á við, gæta þess að prenta og ljósrita ekki að óþörfu og endurnýta eins og hægt er.
- Allur úrgangur skal flokkaður eftir ýtrasta flokkunarkerfi sem boðið er upp á í viðkomandi sveitarfélagi. Spilliefnum, raftækjum og öðrum úrgangi sem mögulega fellur ekki undir flokkunarkerfi skal fargað á viðeigandi hátt.
- Spornað skal við óþarfa orkunotkun. Slökkva ljós og á raftækjum að notkun lokinni og stuðla að jöfnum hita innandyra.
- Sparlega skal farið með vatn og það ekki látið renna að óþörfu.
- Hafa almenn umhverfissjónarmið að leiðarljósi við skipulag reksturs.

Umhverfisstefna þessi tekur gildi um leið og hún hefur verið samþykkt. Umhverfisstefna UMFÍ er lifandi skjal og skal því endurskoða reglulega.

Vísad til fræðslu- og umhverfisnefndar

Tillaga frá HSK

Þingskjal nr. 34

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að yfirfara og endurskoða „Reglur um val á mótssstað“ og „Reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ“ með það að markmiði að gera þær ítarlegri og nákvæmari en þær eru í dag.

Greinargerð:

Unglingalandsmót UMFÍ hafa vaxið og dafnað á undanförunum árum og eru orðin mjög stór viðburður á landsvísu. Á hverju ári koma margir nýir foreldrar með börnum sínum til að upplifa þetta skemmtilega mót. Margir koma ár eftir ár og bera út hróður mótisins. Með meiri þátttöku og fjölda gesta aukast kröfur um aðstöðu og aðbúnað og því nauðsynlegt að gera nákvæmari lýsingu á því hvað kröfur mótshaldari þarf að uppfylla og að UMFÍ fylgi því eftir fram að móti. Í dag eru reglurnar um ákveðnar lágmarkskröfur sem þarf að uppfylla til að geta haldið Unglingalandsmót ekki nærri nógu skýrar um allan aðbúnað gesta og keppenda og aðra aðstöðu fyrir keppnisgreinar.

Einnig þarf að skoða viðmið vegna keppni s.s. lágmarkstímalengd leikja, keppnisfyrirkomulag, keppnisgreinar o.fl.

Vísad til landsmóts- og íþróttanefndar

Tillaga frá Keflavík, íþróttá og ungmennafélagi

Þingskjal nr. 35

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur mennta- og menningarmálaráðherra að sjá til þess að Íslenska ríkið greiði ferða- og gistikostnað barna- og unglunga í landsliðsferðum íslenskra landsliða.

Greinargerð:

Það eiga allir að eiga jafnan rétt til þátttöku í íþróttum og verða afreksfólk. Því miður er þessu ekki þannig háttað. Afreksfólkið okkar þarf að eiga efnaða foreldra til að geta tekið þátt í landsliðsverkefnum. Börn og unglingar sem eru valin til keppni í landsliðum okkar þurfa að greiða stóran hluta af ferða- og gistikostnaði. Þetta er algerlega óásættanlegt.

Vísad til landsmóts- og íþróttanefndar

Nefndir sem starfa á þingi UMFÍ

Tillaga að skipan formanna og starfsmanna nefnda:

Allsherjarnefnd: Formaður Guðný Stefanía Stefánsdóttir, HSV.
Starfsmaður: Ragnheiður Sigurðardóttir.

Laganefnd: Formaður Þórir Haraldsson, HSK.
Starfsmaður: Jón Kristján Sigurðsson.

Fræðslu- og umhverfisnefnd. Formaður Lilja Sigurðardóttir, HHF.
Starfsmaður: Sabína Steinunn Halldórsdóttir.

Landsmóts- og íþróttanefnd: Formaður Valdimar Gunnarsson, UMSK.
Starfsmaður: Omar Bragi Stefánsson

Fjárhagsnefnd: Formaður Sigurður Guðmundsson, UMSB.
Starfsmaður: Helga Jóhannesdóttir.

Þingfulltrúum var síðan skipt niður á nefndir.

Kaffihlé

Nefndarstörf hófust og þingstörfum var frestað.

Sunnudagur 17. október

NEFNDIR SKILA ÁLITI

Allsherjarnefnd

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, HSV, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir áliti nefndarinnar. Nokkrum af þeim tillögum sem nefndin fékk til umfjöllunar var hafnað og komu því ekki til afgreiðslu.

Þingskjal nr. 2

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að færa Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og ráðherra íþróttá- og menntamála þakkir fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 3

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að færa Alþingi, fjárlaganefnd og ráðherra íþróttá- og menntamála þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga menningar-, umhverfis- og íþróttastarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 4

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, þakkar sveitarstjórn Blönduósbæjar góða aðstöðu og móttökur, USAH fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð, á 5. Landsmóti UMFÍ 50+, svo og sjálfboðaliðum fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 5

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, þakkar bæjarstjórn Akureyrar góða aðstöðu og móttökur, UFA fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 18. Unglingalandsmóti UMFÍ, svo og

sjálfboðaliðum fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 8

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að standa vörð um þá mikilvægu tekjustofna sem koma frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum og nýta betur þau tækifæri sem felast í þeim.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 11

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að beina því til sambandsaðila að leita allra leiða til að sporna við notkun vímuefna eins og tóbaks, áfengis og fíkniefna, auk annarra efna eins og ólöglegra fæðubótaefna og stera.

Samþykkt með áorðnum breytingum

Þingskjal nr. 12

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur Alþingi til styðja sambands- og aðildarfélög UMFÍ með myndarlegum hætti í fjárframlögum ár hvert til eflingar á því mikilvæga starfi sem þau standa fyrir um allt land.

Samþykkt með áorðnum breytingum

Þingskjal nr. 15

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, þakkar Æskulýðsvettvanginum fyrir vel unnin störf og hvetur til áframhaldandi góðra verka og hvetur sambandsaðila til að kynna sér vettvanginn betur og á hvaða grundvelli hann starfar.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 30

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að stjórn UMFÍ endurskoði fjölda nefnda og verkaskiptingu þeirra. Enn fremur komi stjórn á skýrum boðleiðum í samskiptum nefnda og stjórnar.

Þorsteinn Þorbergsson, UMSK, taldi þessar tillögur um breytingu í skipan nefnda hafi verið lagðar fram til að auka lýðræði svo ekki væri rétt að vísa tillögum frá. Hvetur til að tillögurnar verði teknar til afgreiðslu og samþykktar.

Einar K. Jónsson, Umf. Vesturhlíð, bendir á að þær tillögur sem nefndin vísar frá verði ekki teknar til umræðu á þingi nema að tillögurnar verði endurfluttar.

Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Fræðslu- og umhverfisnefnd UMFÍ

Lilja Sigurðardóttir, HHF, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir áliti nefndarinnar og tillögum sem fjallað var um í nefndinni.

Þingskjal nr. 13

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að kynna sér og nýta þá möguleika sem eru í boði á vegum Evrópu unga fólksins til að efla félagsstarfið á sínu svæði.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 18

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur stjórn til að vinna að og tryggja fjármagn í umhverfisverkefni á vegum UMFÍ sem stuðlar að fegrun landsins og góðri umgengni.

Samþykkt með áorðnum breytingum með þorra atkvæða gegn tveimur.

Þingskjal nr. 32

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 4. grein í reglugerð Umhverfissjóðs.

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ, þar af að minnsta kosti einum frá Umhverfisnefnd.

Samþykkt með áorðnum breytingum

Kjörbréfanefnd:

Einar Haraldsson, formaður kjörnefndar, lagði fram breytingu frá kjörbréfanefnd á kjörbréfi UMSK. UMSK bætir við tveimur þingfulltrúum og er því með fullskipað lið eða 18 þingfulltrúa.

Þingskjal nr. 33

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir umhverfisstefnu UMFÍ.

Umhverfisstefna UMFÍ

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) hefur að einkunnarorðum: Ræktun lýðs og lands. Ungmennafélagshreyfingin hefur það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum á Íslandi. UMFÍ hefur skilning á þeim áhrifum sem maðurinn hefur á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum sem hann kann að hafa sem og að ná betri árangri á sviði umhverfisverndar í allri starfsemi hreyfingarinnar. Hreyfingin skal enn fremur stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið með landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd. UMFÍ leggur áherslu á að efla almenna umhverfissvakningu innan hreyfingarinnar.

Almenn markmið UMFÍ og sambandsaðila

Allt starf UMFÍ og sambandsaðila ætti að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið og draga úr neikvæðum áhrifum sem mannleg umsvif kunna að hafa á það.

Leiðir að markmiði:

- Hvetja félagsmenn til að samnýta bíla í ferðum á íþróttæfingar og aðra viðburði.
- Stuðla að því að setja upp sorpflokkun þar sem starfsemi félaganna fer fram.
- Hvetja til umhverfissparandi aðgerða í rekstri á skrifstofum, svo sem með því að spara pappír, slökkva ljós og á öðrum raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.
- Að sambandsaðilar UMFÍ leggi sig fram við að auka umhverfisvitund félagsmanna sinna, meðal annars með aukinni útivist og tómstundaiðkun í náttúrunni.
- Hvetja félagsmenn til að nýta matvæli og efni á hagkvæman máta og draga þannig úr soun.

Viðburðir á vegum UMFÍ

Við skipulag á viðburðum á vegum hreyfingarinnar skal tekið mið af umhverfissjónarmiðum UMFÍ.

Leiðir að markmiði:

- Á viðburðum á vegum hreyfingarinnar skal allur úrgangur flokkaður eftir því flokkunarkerfi sem er í

viðkomandi sveitarfélagi.

- Umhverfissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi við innkaup á vörum í tengslum við alla viðburði.
- Á viðburðum á vegum hreyfingarinnar skal lagt upp með að efla umhverfisvitund þátttakenda.
- Stefnt skal að því að draga úr notkun pappírs á þingum með rafrænu aðgengi að gögnum.
- Virða ber þolmörk umhverfis við skipulagningu viðburða og grípa til aðgerða ef þörf krefur svo sem með umferðarstýringu, jafnt fyrir gangandi sem og akandi vegfarendur.

Skrifstofur UMFÍ og almenn starfsemi

Í skrifstofuhaldi og almennri starfsemi UMFÍ skal leitast við að nota þær fjölmörgu leiðir sem viðurkenndar eru til að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemin kann að hafa á umhverfið.

Leiðir að markmiði:

- Við öll innkaup skal taka tillit til umhverfissjónarmiða. Leitast skal við að velja vörur með viðurkenndum umhverfismerkingum og takmarka notkun á einnota varningi.
- Ræstivörur skulu hafa viðurkennda umhverfismerkingu og fara skal sparlega með efni við þvott og ræstingar.
- Pappírnotkun skal vera í lágmarki, prenta báðum megin á blöð þegar það á við, gæta þess að prenta og ljósrita ekki að óþörfu og endurnýta eins og hægt er.
- Allur úrgangur skal flokkaður eftir ýtrasta flokkunarkerfi sem boðið er upp á í viðkomandi sveitarfélagi. Spilliefnum, raftækjum og öðrum úrgangi sem mögulega fellur ekki undir flokkunarkerfi skal fargað á viðeigandi hátt.
- Spornað skal við óþarfa orkunotkun. Slökkva ljós og á raftækjum að notkun lokinni og stuðla að jöfnum hita innandyra.
- Sparlega skal farið með vatn og það ekki látið renna að óþörfu.
- Hafa almenn umhverfissjónarmið að leiðarljósi við skipulag reksturs.

Umhverfisstefna þessi tekur gildi um leið og hún hefur verið samþykkt. Umhverfisstefna UMFÍ er lifandi skjal og skal því endurskoða reglulega.

Einar K. Jónsson, Umf. Vesturhlíð, gerði athugasemdir við breytingar á orðalagi þar sem hreyfingin er skipt út fyrir félagið og fleiri breytingar. Lagði til að í stað þessara breytinga standi UMFÍ.

Tillögunni var síðan vísað aftur í nefnd til frekari umræðu.

Nefndin kom til þings á ný með breytingar á tillögunni.

Einar K. Jónsson, Umf. Vesturhlíð, gerði athugasemdir við framlagðar breytingatillögu þar sem hann óskaði eftir að í stað orðsins „hreyfingin“ standi „UMFÍ“.

Margrét Björnsdóttir, UMSK, sagði að umhverfisnefndin stæði við sínar tillögur.

Breytingatillaga frá Einari K. Jónssyni

Breyting sem gerð var á örfundi falli út. Orðið „hreyfing“ á öðrum stöðum í textanum verði að UMFÍ.

Breytingartillagan felld með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjalið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 2.

Landsmóts- og íþróttanefnd

Valdimar Gunnarsson, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

Þingskjal nr. 6

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á

19. Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi 2016.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 6. Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði 2016.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 9

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að þátttökugjald á 19. Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi 2016 verði 6.500 kr. á þátttakanda.

Haukur Valtýsson, UFA, lagði til að upphafleg tillaga um kr. 8.000 verði samþykkt. Haukur gerði einnig athugasemd við að þingfulltrúar væru að taka í vörina í þinginu.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, HSV, gerði athugasemd við að hækkunin í upphaflegri tillögu væri um 30% sem væri mjög hátt.

Sigurður Guðmundsson, UMSB, taldi nauðsynlegt að hækka þar sem gjaldið hefði ekki verið hækkað í mörg ár og leggur til að gjaldið verði hækkað í kr. 7.000

Helgi Haraldsson, HSK, lagði til að betra væri að hækka í litlum skrefum þar sem ekki sé eðlilegt að hækka gjaldið í einu lagi um 33%.

Einar Haraldsson, Keflavík, sagðist telja að í raun ætti ekki að vera gjald á Unglingalandsmóti, það væri stolt hreyfingarinnar og að svona mikil hækkun eins og lagt væri fram ætti ekki að vera.

Þórir Haraldsson, HSK, minnti á að hækkun á gjaldinu hafi verið feld á síðast þingi en 33%hækkun væri of mikil hækkun. Hann sagði að ekki væri ásættanlegt að mót sem krefst jafnmikillar sjálfböðavinnu og Unglingalandsmót gæfu framkvæmdaraðilum engar tekjur.

Breytingartillaga lögð fram um að hækka gjaldið í 8.000 kr.

Tillagan feld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða

Breytingartillaga um kr. 7.000 gjald samþykkt með 55 atkvæðum gegn 34.

Þingskjalið svo breytt samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal nr. 10

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur sambandsaðila til að hafa landsmótsnefnd starfandi á ársgrundvelli sem stuðli að öflugri þátttöku á Landsmótum UMFÍ.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 14

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, felur stjórn að leita leiða til að efla lýðheilsu landsmanna í samstarfi við sambandsaðila UMFÍ, stjórnvöld og fleiri tengda aðila.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 20

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að landsmótsnefnd fyrir 28. Landsmót UMFÍ, sem haldið verður árið 2017, fái heimild til þess að víkja frá reglugerð um landsmót UMFÍ að fengnu samþykki stjórnar UMFÍ og eftir kynningu á vofundi UMFÍ 2016.

Greinargerð:

Töluverð umræða hefur verið innan hreyfingarinnar um að breyta þurfi landsmótum UMFÍ. Haldnir hafa verið fundir um allt land þar sem málefnið hefur verið rætt. Sameiginleg niðurstaða hefur ekki náðst um framtíð mótsins. Í stefnumótunarvinnu sem er í vinnslu þá er málið til umfjöllunar og stefnt að því að mótahaldið verði í framtíðinni með verulegum breytingum.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 34

49. sambandsþing UMFÍ haldið á Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að yfirfara og endurskoða „Reglur um val á mótsstað” og „Reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ“ með það að markmiði að gera þær ítarlegri og nákvæmari en þær eru í dag.

Greinargerð:

Unglingalandsmót UMFÍ hafa vaxið og dafnað á undanförunum árum og eru orðin mjög stór viðburður á landsvísu. Á hverju ári koma margir nýir foreldrar með börnum sínum til að upplifa þetta skemmtilega mót. Margir koma ár eftir ár og bera út hróður mótsins. Með meiri þátttöku og fjölda gesta aukast kröfur um aðstöðu og aðbúnað og því nauðsynlegt að gera nákvæmari lýsingu á því hvað kröfur mótshaldari þarf að uppfylla og að UMFÍ fylgi því eftir fram að móti. Í dag eru reglurnar um ákveðnar lágmarkskröfur sem þarf að uppfylla til að geta haldið Unglingalandsmót ekki nærri nógu skýrar um allan aðbúnað gesta og keppenda og aðra aðstöðu fyrir keppnisgreinar.

Einnig þarf að skoða viðmið vegna keppni s.s. lágmarkstímalengd leikja, keppnisfyrirkomulag, keppnisgreinar o.fl.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 36

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, hvetur stjórn UMFÍ, í samstarfi við ÍSÍ, til að hefja viðræður við mennta- og menningarmálaráðherra um að Íslenska ríkið taki þátt í ferða- og gistikostnaði barna og unglunga í landsliðsferðum íslenskra landsliða.

Greinargerð:

Það eiga allir að eiga jafnan rétt til þátttöku í íþróttum og verða afreksfólk. Því miður er þessu ekki þannig háttað. Afreksfólkið okkar þarf að eiga efnaða foreldra til að geta tekið þátt í landsliðsverkefnum. Börn og unglingar sem eru valin til keppni í landsliðum okkar þurfa sjálf að greiða stóran hluta af ferða- og gistikostnaði. Þetta er algerlega óásættanlegt.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 37

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, leggur til að Landsmót UMFÍ 50+ verði haldið samhljóða Landsmóti UMFÍ á því ári þegar það er haldið.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, HSV, taldi ekki rétt að tengja mótin saman þar sem mótin séu þá of seint á árinu.

Einar K. Jónsson, Umf. Vesturhlíð, sagðist algjörlega á móti tillöggunni því ekki sé rétt að blanda mótunum saman. Lagði til að tillagan yrði felld.

Þórir Haraldsson, HSK, hvatti til að tillagan verði samþykkt. Sagði að hópsins 50+ hefði verið saknað á Landsmóti UMFÍ á Selfossi 2013.

Örn Guðnason, HSK, fagnaði þingskjali 20 og sagði hana skref í rétta átt til að taka á málefnum Landsmóta UMFÍ. Hvatti til samþykkis þingskjals 37.

Tillaga á þingskjali 37 samþykkt með þorra atkvæða gegn 6

KOSNINGAR

Kosning formanns UMFÍ.

Í framboði voru Haukur Valtýsson og Kristinn Óskar Grétuson.

Formaður kjörnefndar, Kári Gunnlaugsson, stýrði kosningu.

Alls kusu 107 þingfulltrúar.

Haukur Valtýsson fékk 99 atkvæði.

Kristinn Óskar Grétuson fékk 3 atkvæði.

Auðir seðlar voru 7.

Kári Gunnlaugsson formaður kjörnefndar lýsti Hauk Valtýsson réttkjörinn formann Ungmennafélags Íslands.

NEFNDIR SKILA ÁLITI - framhald

Skipulags- og laganefnd

Þórir Haraldsson, formaður nefndarinnar, þakkaði nefndarmönnum sem voru 17 talsins fyrir góð störf og gerði grein fyrir áliti nefndarinnar.

Þingskjal nr. 17

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að hefja vinnu við undirbúning á inntöku íþróttabandalaga í Ungmennafélag Íslands. Stjórn UMFÍ er falið að undirbúa inntöku íþróttabandalaganna með því að skipa nefnd sem endurskoðar lög UMFÍ, lottóreglugerð og aðra þætti sem taka þarf tillit til. Gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um inntöku íþróttabandalaganna verði á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017. Skilað verði stöðuskýrslu á sambandsráðsfundi 2016.

Greinargerð:

Samþykkt frá 48. sambandsþingi UMFÍ fól stjórn UMFÍ að skipa vinnuhóp til að taka efnislega afstöðu til umsóknar íþróttabandalaga í UMFÍ. Vinnuhópurinn lagði fram ofangreinda tillögu til stjórnar UMFÍ.

Vinnuhópurinn lagði áherslu á að tillagan yrði skoðuð og rædd á efnislegum forsendum og atkvæði greidd í samræmi við það. Í allri vinnu hópsins komu fram nokkur atriði sem standa í vegi fyrir því að taka inn íþróttabandalög strax á þessu 49. sambandsþingi.

Í fyrsta lagi hindra lög UMFÍ inntöku á forsendum þess að í heiti sambandsaðila skuli koma fram héraðssamband, ungmennasamband eða ungmennafélag sbr. 4. grein og eru heiti íþróttabandalaga því ekki í

samræmi við það.

Í öðru lagi óttast sambandsaðilar UMFÍ að lottófé þeirra muni skerðast verulega við inntöku íþróttabandalaga, sem er rétt. Því er nauðsyn að endurskoða skiptingu lottófjár frá Íslenskri Getspá og ná sátt um hana. Þó er rétt að benda hér á það ákvæði í lottóreglum UMFÍ, að nýir sambandsaðilar fá ekki úthlutað lottópeningum fyrr en 38 mánuðum eftir inntöku í UMFÍ.

Í þriðja lagi hafa sambandsaðilar UMFÍ óttast að missa völd og áhrif innan hreyfingarinnar ef svo stórir hópar bætast við í samtökin. Það er því þörf á að ræða um breytingar á fulltrúafjölda frá hverjum sambandsaðila og ákveða hóflegan fjölda fulltrúa á sambandsþingi. Til þess þarf að gera breytingar á 9. grein laganna sem fjalla um fjölda skattskyldra félaga að baki fulltrúa til þings.

Í störfum vinnuhópsins kom fram sú skoðun, að kostur væri að kynnast starfi íþróttabandalaganna og að þau kynntust störfum okkar hreyfingar áður en þau yrðu samþykkt sem nýir sambandsaðilar. Mælt er með tveggja ára aðlögunarferli. Í 5. grein laga UMFÍ stendur að sambandsþing úrskurði um inntöku nýrra sambandsaðila og því greidd atkvæði einu sinni. Því er tillaga vinnuhópsins orðuð þannig að 49. sambandsþing „samþykkir að hefja vinnu við inntöku íþróttabandalaga“. Þetta er í samræmi við þá skoðun vinnuhópsins að gefa tíma í tvö ár til að kynnast störfum og viðhorfum íþróttabandalaganna og þau störfum og viðhorfum UMFÍ. Að tveimur árum liðnum er hreyfing okkar betur undirbúin til að ákveða um inntöku íþróttabandalaga.

Í samþykkt 48. sambandsþings er vinnuhópnum falið að taka efnislega afstöðu varðandi skipulag íþróttahreyfingarinnar, skiptingu fjármuna innan hennar auk breytinga á lögum. Eftir vandlega athugun taldi hópurinn það vera bestu leiðina til að núverandi sambandsaðilar UMFÍ gætu tekið upplýsta ákvörðun um inntöku íþróttabandalaganna að gefa aðilum tvö ár til að kynnast störfum og viðhorfum hvers annars. Á þeim tíma þarf að vinna að breytingum á lögum UMFÍ og ef þarf lögum íþróttabandalaga, vinna að yfirferð á breytingum á skiptingu lottópeninga, yfirfara valdahlutföll og þar með fjölda þingfulltrúa og stærð sambandsþings.

Þórir sagði afgreiðslu á þingskjali nr. 17 vera vandasama og ákvörðun um tillöguna sé félagslega stór ákvörðun og hana þurfi að ræða ítarlega.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Þingskjal nr. 19

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að íþróttabandalög fái tækifæri til að kynnast starfsemi UMFÍ og okkar hreyfing þeirra starfsemi með því að þau eigi fulltrúa í nefndum og vinnuhópum á vegum UMFÍ á kjörtímabilinu 2015–2017 með málfrelsi og tillögurétti. Stjórn UMFÍ er falið að útfæra tillöguna nánar með tilliti til hvaða nefnda eða vinnuhópa fulltrúar þeirra fá sæti í.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 21

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir viðbót við 11. grein laga UMFÍ

Er:

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Verður:

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10

dögum fyrir þing.

Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Nefndin beinir til því til kjörnefndar sem verður kosin á þinginu að hún tilkynni, að loknum framboðsfesti til stjórnarkjörs, til allra sambandaðila hverjir hafi gefið kost á sér og ef að framlengja þurfi frestinn verði það sama gert að loknum framlengdum framboðsfresti.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 22

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 9. grein laga UMFÍ.

Er:
Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga sem hér segir:

Verður:
Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skila skal í síðasta lagi 15. maí það ár sem þing er haldið sem hér segir:

Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum

Þingskjal nr. 23

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 13. grein laga UMFÍ.

Er:
Sambandsþing UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót UMFÍ og Unglingalandsmót UMFÍ skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Verður:
Sambandsþing UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 24

49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir breytingu á 11. grein laga UMFÍ.

Er:
Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verða að vera tilgreind á honum nöfn sex manna sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verða að vera tilgreind á honum nöfn fjögurra manna sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn. Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings. Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Verður:

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra menn sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn. Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings. Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Samþykkt samhljóða

Allar nefndir luku sinni greinargerð fyrir hádegishlé nema fjárhagsnefnd.

Hlé gert á álitni nefnda.

Hádegisverður

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, formaður HSV, kynnti Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður á Ísafirði 2016.

Nýkjörinn formaður UMFÍ, Haukur Valtýsson, tók til máls og þakkaði traustið. Hann sagðist taka við formennsku í UMFÍ með virðingu. Hann sagðist stefna að því, ásamt stjórn og starfsfólki, að gera ungmennafélaghreyfinguna öflugri og skemmtilegri. Hann sagði hreyfinguna standa á tímamótum þar sem stefnumótunarvinna væri í gangi og að með henni væri hægt að snúa málum UMFÍ í vil. Að lokum hvatti hann til samvinnu og samráðs innan hreyfingarinnar. Hann óskaði síðan Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur og Sæmundi Runólfssyni velfarnaðar og þakkaði þeim samstarfið.

Útnefning matmanns þingsins

Valdimar Leó Friðriksson, UMSK, útnefndi Kristínu Gunnarsdóttir, UMSB, matmann þingsins. Kristín kallaði síðan fram starfsfólk hótelsins sem borið hefur fram veitingar og var þeim þakkað fyrir veittar velgjörðir.

KOSNINGAR - framhald

Kosning til stjórnar UMFÍ

Kosið var um sex sæti í stjórn en átta einstaklingar voru í kjöri. Alls kusu 111 en gild atkvæði voru 110.

Niðurstöður kosninga urðu eftirfarandi:

Örn Guðnason, HSK	107
Hrönn Jónsdóttir, UMSB	105
Ragnheiður Högnadóttir, USVS	83
Gunnar Gunnarsson, UÍA	82
Helga Jóhannesdóttir, UMSK	82
Björn Grétar Baldursson, HSP	79
Björg Jakobsdóttir, UMSK	65
Jóhanna Kristjánsdóttir, HSP	57

Réttkjörnir í stjórn UMFÍ 2015–2017 eru:

Örn Guðnason, HSK
Hrönn Jónsdóttir, UMSB
Ragnheiður Högnadóttir, USVS
Gunnar Gunnarsson, UÍA
Helga Jóhannesdóttir, UMSK
Björn Grétar Baldursson, HSP

Sjálfkjörið var til varastjórnar UMFÍ. Réttkjörnir í varastjórn UMFÍ 2015–2017 eru:

Guðmundur Sigurbergsson, UMSK
Kristinn Óskar Grétuson, HSK
Sigurður Óskar Jónsson, USÚ
Þorgeir Örn Tryggvason, UMFF

Þingið fól stjórn að draga um röð varastjórnarmanna.

Kjörnefnd 2015–2017

Tillaga að skipan í kjörnefnd sem starfi milli þinga:

Helgi Haraldsson, HSK, formaður
Einar Kristján Jónsson, Umf. Vesturhlíð
Svanur M. Gestsson, UMSK
Guðný Stefanía Stefánsdóttir, HSV
Vigdís Diljá Óskarsdóttir, UÍA

Til vara:

Elín Sigurborg Harðardóttir, HSP
Einar Haraldsson, Keflavík

Samþykkt samhljóða

Skoðunarmenn UMFÍ

Tillaga um skoðunarmenn UMFÍ:
Borghildur Sigurðardóttir, UMSK
Örn Pálsson, UMFF

Vara skoðunarmenn:

Jón Pálsson, UMSK
Sigurður Guðmundsson, UMSB

Samþykkt samhljóða

NEFNDIR SKILA ÁLITI - framhald

Fjárhagsnefnd

Sigurður Guðmundsson, formaður nefndarinnar, lagði til að fjárhagsáætlun verði betur unnin fyrir næsta þing UMFÍ og með betri sundurliðunum.

Þingskjal nr. 16

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, leggur til að gjaldið í Umhverfissjóð Pálma Gíslasonar verði 0 krónur og að reglum um úthlutun um sjóðinn verði breytt. Lagt er til höfuðstóll sjóðsins

sé eigi lægri en 5 milljónir kr. og verði hann tengdur vísitölu neysluverð október 2015. Umhverfissjóðnum verði tryggðar krónur 600.000 árlega sem greiddar verði af UMFÍ.

Einar K. Jónsson, Umf. Vesturhlíð, mótmælti breytingum sem gerðar eru á þingskjali nr. 16. Sagði það raunarlegt að einu sinni enn ætti að skerða Umhverfissjóð Pálma Gíslasonar.

Valdimar Leó Friðriksson, UMSK, sagði að UMFÍ ætti ekki að sækja fjármagn niður í hreyfinguna.

Þingskjal 16 samþykkt með áorðnum breytingum með þorra atkvæða gegn einu.

Þingskjal nr. 27

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að kanna hvernig fjárstuðningi sveitarfélaga við sambandsaðila UMFÍ er háttáð. Verkinu skal lokið og niðurstöður kynntar á Sambandsráðsfundi UMFÍ 2016.

Greinargerð:

Mikilvægt er að um sé að ræða samanburðarhæfar tölur.

Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2016

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir

	Aðalsjóður	Laugar	Evrópu- skrifstofa	Fræðslu- og verk- efnasjóður	Umhverfis- Sjóður	Samtals
Rekstrartekjur:						
Ríkisframlag	99.800.000	17.800.000	12.800.000			130.400.000
Lottó og getraunir	141.500.000			10.500.000		152.000.000
Aðrar tekjur	51.300.000	68.000.000	27.200.000		600.000	147.600.000
	292.600.000	85.800.000	40.000.000	10.500.000	600.000	429.500.000
Rekstrargjöld:						
Laun og launatengd gjöld	60.124.597	48.026.634	27.076.602			135.227.833
Annar rekstrarkostnaður	103.031.600	35.800.000	12.846.000			151.677.600
Lottó til sambandsaðila	118.500.000					118.500.000
Veittir styrkir				10.500.000		10.500.000
Afskriftir	3.300.000					3.300.000
	284.356.197	83.826.634	39.922.602	10.500.000	0	418.605.433
Afkoma fyrir fjármagnsliði	8.243.803	1.973.366	77.398	0	600.000	10.294.567
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur	200.000			600.000	300.000	1.100.000
Hagnaðarhlutdeild Í.G.	20.000.000					20.000.000
Greiddir vextir og verðbætur	(4.332.500)	(38.210)	(77.398)			(4.448.108)
Áfallnar verðbætur	(2.599.500)					(2.599.500)
	13.268.000	(38.210)	(77.398)	600.000	300.000	14.052.393
Rekstrarniðurstaða:	21.511.803	1.935.156	0	600.000	900.000	24.946.959

Fjárhagsnefnd leggur til að þingskjal nr. 1 verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

Þar sem tillaga nr. 16 var samþykkt, lækka aðrar tekjur um 600.000 og annar rekstrarkostnaður hækkar um 600.000. Rekstrarniðurstaða aðalsjóðs verður 21.511.803,- og rekstrarniðurstaða UMFÍ samtals verður 24.946.959,-

Fjárhagsnefnd beinir því til stjórnar UMFÍ að framkvæmdastjóra UMFÍ og gjaldkera stjórnar verði falið að móta verklagsreglur um áætlanagerð.

Þorsteinn Þorbergsson, UMSK, áréttaði að umræðan í nefndinni hefði verið á þá leið að framlagning á fjárhagsáætlun og tölum væri ekki ásættanleg. Að í ársreikningi fyrir þingi sé samanburður við fjárhagsáætlun frá síðasta þingi. Nauðsynlegt væri að áætlanir fyrir útgjöldum verði lagðar fram.

Þórir Haraldsson, HSK, benti á villu í tillögunni sem var leiðrétt. Tók undir áskorun um að ekki sé boðlegt að leggja fram fjárhagsáætlun eins illa sundurliðaða og raun var á.

Fjárhagsáætlun UMFÍ samþykkt samhljóða.

ÖNNUR MÁL

Kristinn Óskar Grétuson, HSK, fór yfir skoðanir sínar og hugsjónir er tengjast starfi UMFÍ. Lagði m.a. áherslu á að íþróttastarf snerist ekki bara um afreksíþróttir.

Einar Haraldsson, Keflavík, þakkaði Sæmundi Runólfssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ, fyrir gott samstarf og bauð Auði Ingu, nýjan framkvæmdastjóra, velkomna til starfa. Sagði að huga þurfi vel að skipulagi þings og að til staðar væri góð vinnuaðstaða fyrir nefndarstörf. Þakkaði síðan Björgu Jakobsdóttur og Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur fyrir samstarfið í gegnum árin.

Guðríður Aadnegard, HSK, óskaði nýkjörnum formanni og nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Þakkaði vinnuhópi um inngöngu íþróttabandalaga fyrir sitt starf og fyrir kynningarfundi um málefnið. Einnig þakkaði hún þeim sem skipulögðu ferð sambandsaðila til Danmerkur. Guðríður þakkað Helgu fyrir samstarfið og flutti henni síðan eftirfarandi ljóð sem er eftir Úlf Ragnarsson:

Gjöfin

Ég veit ekki hvort þú hefur,
huga þinn við það fest.
Að fegursta gjöf sem þú gefur,
er gjöfin sem varla sést.

Ástúð í andartaki,
augað sem glaðlegt hlær,
hlýja í handartaki
hjarta sem örar slær.

Allt sem þú hugsar í hjóði
heiminum breytir til.
Gef þú úr sálarsjóði,
sakleysi fegurð og yl.

Að lokum þakkaði Guðríður þingforsetum fyrir frábæra fundarstjórn og sagði þingið hafa verið afar málefnalegt og lauk máli sínu með þessum orðum:

Vertu glaður vinur hér
vinn af trú og festu
Þá mun Guð og gæfan þér
gefa launin bestu.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, HSV, þakkaði fyrir ánægjulega og skemmtilega upplifun á þinginu og þakkaði frábæra fundarstjórn. Einnig þakkaði hún Helgu Guðrúnu fyrir sín forystustörf og sagði hana hafa verið fyrirmynd kvenna fyrir vestan. Sigríður sagði að nú ætti að flytja grunngildi UMFÍ til nútímans og hún lýsti yfir ánægju með störf varðandi stefnumótun. Lagði til að í vinnunni sem framundan er verði merki UMFÍ tekið til skoðunar.

Björg Jakobsdóttir, UMSK, sagði að starf fyrir UMFÍ hefði verið ánægjulegt en um leið mikla vinna. Hún hafi lagt fram 1100 klukkutíma í sjálfboðavinnu. Sagði að fólk ætti ekki að gefa kost á sér til starfa nema að hafa til þess tíma. Hún óskaði Hauki Valtýssyni og nýkjörinni stjórn til hamingju og þakkaði Helgu Guðrúnu fyrir samstarfið. Hún þakkaði þingfulltrúum fyrir samstarfið og sagði að fjölskylda sín muni fagna því að nú hafi hún meiri tíma fyrir þau.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fráfarandi formaður UMFÍ, þakkaði fyrir gjöf sem hún fékk frá starfsfólki UMFÍ. Hún sagðist vera búin að vera í stjórn UMFÍ í 18 ár en þar á undan hafi hún starfað fyrir fleiri félög. Hún hafi lagt sig fram um að vera heiðarleg en formennskutíminn hafi verið erfiður á tímum fjárhagskreppu. Rekstur hreyfingarinnar hafi snúist í rétta átt. Hún óskaði Hauki til hamingju. Sagðist geta sagt margar sögur frá ferli sínum en tók sem dæmi þegar hún hlaut silfurverðlaun fyrir búfjárdóma á Landsmóti UMFÍ 50+. Að lokum þakkaði hún þingfulltrúum fyrir gott þing.

Guðmundur Guðmundsson, þingforseti, þakkaði þingfulltrúum fyrir umburðarlyndi við þingforseta, fyrir samstarfið og starfsmönnum öllum fyrir vel unnin störf.

Haukur Valtýsson, nýkjörinn formaður UMFÍ, óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum og varamönnum til hamingju með kjörið og þakkaði fyrir jákvætt og gott þing. Hann þakkað þingforsetum einnig fyrir skelegga fundarstjórn. Haukur sagðist ánægður með íþróttabandalagstillöguna sem fór í gegnum þingið án umræða eftir góða umræðu í nefnd.

Haukur sleit síðan 49. sambandþingi UMFÍ og óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar.

Þingfulltrúar

Fulltrúar frá sambandsaðilum

HSB (1)

Jónas Sigursteinsson

HSH (1)

Garðar Svansson

HSS (1)

Vignir Örn Pálsson

HSP (5)

Anita Karin Guttesen
Elín Sigurborg Harðardóttir
Kolbrún Ívarsdóttir
Björn Grétar Baldursson
Stefán Jónasson

HSV (2)

Guðný Stefanía Stefánsdóttir
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

HHF (1)

Lilja Sigurðardóttir

HSK (18)

Guðríður Aadnegard
Anný Ingimarsdóttir
Engilbert Olgeirsson
Gestur Einarsson
Gissur Jónsson
Guðmundur Jónasson
Guðrún Tryggvadóttir
Helga Kolbeinsdóttir
Helgi S. Haraldsson
Jóhanna Hjartardóttir
Karen Óskarsdóttir
Lárus Ingi Friðfinnsson
Markús Ívarsson
Ragnar Sigurðsson
Sigríður Anna Guðjónsdóttir
Valgerður Auðunsdóttir
Pórir Haraldsson
Örn Guðnason

UÍA (7)

Gunnar Gunnarsson
Hildur Bergsdóttir
Lovísa Hreinsdóttir
Birkir Sigurðsson
Rebekka Karlsdóttir
Pórir Steinn Valgeirsson
Vigdís Diljá Óskarsdóttir

UÍF (1)

Sigurður Gunnarsson

USAH (3)

Aðalbjörg Valdimarsdóttir
Sigurveig Sigurðardóttir
Guðrún Sigurjónsdóttir

UMSB (5)

Sigurður Guðmundsson
Ásgeir Ásgeirsson
Kristín Gunnarsdóttir
Sólrun Halla Bjarnadóttir
Pálmi Blængsson

UDN (3)

Pálmi Jóhannsson
Jóhann Pálmason
Svana Hrönn Jóhannsdóttir

UMSE (3)

Bjarnveig Ingvadóttir
Þorgerður Guðmundsdóttir
Þorsteinn Marinósson

UMSK (18)

Valdimar Leó Friðriksson
Margrét Björnsdóttir
Helga Jóhannesdóttir
Guðmundur Sigurbergsson
Magnús Gíslason
Lárus B. Lárusson
Þorsteinn Þorbergsson
Bjarni Þorgeir Bjarnason
Sigurður Bjarnason
Ása Inga Þorsteinsdóttir
Valdimar Gunnarsson
Anna Möller
Björg Jakobsdóttir
Svanur M. Gestsson
Sjöfn Þórðardóttir
Kristján Leifsson
Örn Jónasson
Ómar E. Friðriksson

UMSS (4)

Þórhildur Sýlvía Magnúsdóttir
Jón Einar Kjartansson
Sigurjón Þórðarson
Svava Ingimarsdóttir

USVS (3)

Gísli Steinar Jóhannesson
Þorsteinn M. Kristinsson
Kjartan Kristinsson

USVH (3)

Reimar Marteinson
Halldór Sigfússon
Eygló Hrunn Guðmundsdóttir

USÚ (4)

Páll Róbert Matthíasson
Sigurður Óskar Jónsson
Hulda L. Hauksdóttir
Björn Á. Jónsson

Keflavík (10)

Einar Haraldsson
Kári Gunnlaugsson
Þórður Magni Kjartansson
Bjarney S. Snævarsdóttir
Sveinn Adolfsson
Guðjón Axelsson
Jóhanna Kr. Guðbjartsdóttir
Arnbjörg Óladóttir
Dagbjört Ýr Gylfadóttir
Kristján Þór Karlsson

UFA (1)

Haukur Valtýsson

UMFG (1)

Gunnlaugur Hreinsson

UMFK (2)

Olga Ellen Þorsteinsdóttir
Arnar Grétarsson

UMFN (4)

Ólafur Þ. Eyjólfsson
Jenný L. Lárusdóttir
Bergþóra Jóhannesdóttir
Smári Friðjónsson

UMFF (8)

Guðmundur L. Gunnarsson
Málfríður Sigurhansdóttir
Guðmundur Árnason
Erlingur Thorsteinsson
Þorgeir Örn Tryggvason
Jón Karl Ólafsson
Valfríður Möller
Unnur Sigurðardóttir

UMFÓ (0)**USK (1)**

Anna Bjarnadóttir

V (1)

Einar Kristján Jónsson

UV (0)

UMFÞ (2)

Kristján Árnason
Marteinn Ægisson

Stjórn UMFÍ 2013–2015 (8)

Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Formaður UMFÍ
Haukur Valtýsson	Varaformaður UMFÍ
Örn Guðnason	Ritari UMFÍ
Helga Jóhannesdóttir	Gjaldkeri UMFÍ
Hrönn Jónsdóttir	Meðstjórnandi UMFÍ
Björg Jakobsdóttir	Meðstjórnandi UMFÍ
Gunnar Gunnarsson	Meðstjórnandi UMFÍ
Ragnheiður Högnadóttir	Varastjórn UMFÍ

Starfsfólk UMFÍ (7)

Auður Inga Þorsteinsdóttir	Framkvæmdastjóri UMFÍ
Jón Kristján Sigurðsson	Kynningarstjóri UMFÍ
Ómar Bragi Stefánsson	Landsfulltrúi UMFÍ
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	Landsfulltrúi UMFÍ
Ragnheiður Sigurðardóttir	Landsfulltrúi UMFÍ
Guðbirna K. Þórðardóttir	Skrifstofustjóri UMFÍ
Jörgen Nilsson	UTB Laugum/UMFÍ